

## AUGLÝSING

### um (2.) hækkun gjaldskrár nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar.

#### 1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar skulu hækka um 4,01% frá 15. júní nk.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Páll Sigurðsson.

## REGLUGERÐ

### um framkvæmd greiðslna sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu.

#### 1. gr.

Sjúkratryggð börn og unglingar 16 ára og yngri skulu hafa einn ábyrgðartannlækni, sem annast allar almennar tannlækningar viðkomandi barns eða unglings. Ábyrgðartannlæknir getur ýmist verið skólatannlæknir eða einkatannlæknir. Greiðslur sjúkratrygginga fyrir almennar tannlækningar skulu takmarkast við að ábyrgðartannlæknir viðkomandi barns eða unglings hafi unnið tannlæknisverkið nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert annað nauðsynlegt.

#### 2. gr.

Sjúkratryggður getur fengið þátttöku sjúkratrygginga skv. 44. gr. almannatryggingalaga í kostnaði við gervigóma á fimm ára fresti og fóðrun gervigóma á þriggja ára fresti.

#### 3. gr.

Um nauðsynleg frávik frá reglum þessum má sækja til Tryggingastofnunar ríkisins.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 81. gr., sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. júní 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Páll Sigurðsson.